**Borgarráð 23. júní 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um rekstrarhalla borgarinnar MSS22060182**

1,9 milljarða halli er á A-hluta umfram áætlun. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir minnisblaði fjármálaskrifstofu um áhrif vaxtahækkunar á skuldastöðu og afborgunarþunga lána hjá borginni. Spurt er hvernig á að mæta þessum halla? Hvar er hægt að spara eða auka hagræðingu í rekstri borgarinnar? Er hægt að fresta einhverjum verkefnum? Einnig er spurt hvort ekki séu áhyggjur af afkomu þeirra efnaminnstu þegar 21% hækkun fasteignamats verður tekin nánast beint úr vösum íbúa borgarinnar með því að hækka fasteignaskatta samsvarandi og það er gert ofan í kjarasamninga?